



## Hagfræðideild Landsbankans spáir óbreyttum stýrivöxtum

Hagfræðideild Landsbankans gerir ráð fyrir að peningastefnunefnd Seðlabankans haldi stýrivöxtum bankans óbreyttum á næsta vaxtaákvörðunardegi þann 20. ágúst næstkomandi.


Stýrivextir Seðlabankans hafa innan skamms staðið óbreyttir í tvö ár. Litlar breytingar hafa orðið á þeim meginhagstærðum sem ætla má að kallað gætu á vaxtabreytingu frá síðustu vaxtaákvörðun peningastefnunefndar.

Í niðurlagi síðustu yfirlýsingar peningastefnunefndar frá 11. júní segir að tilefni til að breyta nafnvöxtum bankans á næstunni fari eftir framvindu verðbólgu og verðbólguvæntinga. Nær engar breytingar hafa orðið á verðbólgunni á síðustu mánuðum og hefur hún haldist á fremur þröngu bili rétt undir verðbólgu markmiðinu alveg síðan í janúar. Sama má segja um verðbólguvæntingar sem hafa lítið breyst á flesta mælikvarða. Gengi krónunnar hefur einnig verið stöðugt þrátt fyrir að Seðlabankinn hafi bætt í kaup sín á gjaldeyri á millibankamarkaði.


### Vaxtahækkun fyrir áramót?

Þrátt fyrir að óbreyttir vextir verði líkast til ofan á nú hefur peningastefnunefndin gefið sterktlega í skyn að vextir verði hækkaðir eftir því sem aukinn kraftur færir í innlenda eftirspurn, en á síðasta fundi nefndarinnar kom vaxtahækkun einnig til umræðu.


Seðlabankinn gerir ráð fyrir að framleiðsluslakinn í hagkerfinu verði horfinn snemma á næsta ári og má gera ráð fyrir að peningastefnunefndin fari alvarlega að íhuga vaxtahækkun á næstu fundum. Þar kann þó að skipta máli hvort nýr maður setjist í stól Seðlabankastjóra.



Heimild: Seðlabanki Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Peningamál 2014/2, Hagfræðideild



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.